

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Reykjavík, 4. október 2019
UST201910-025/F.T.
08.14.02

Efni: Áform um áminningu og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 26. júní 2019.

Frávíkin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi.
2. **Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Sigvatn sem rennur í útrásarskurð skal hreinsað með fullnægjandi hætti, skurðurinn telst ekki sem þynningarsvæði og því má ekki gæta þar mengunar frá urðunarstaðnum. Niðurstöður mælinga á samsetningu sigvatns sýna að mengun er að berast í skurðinn.
3. **Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Skráningum vegna tl. 3., 5. og 9.-11. hefur ekki verið skilað.
4. **Gr. 5.3 í starfsleyfi.** Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með rg. 789/1999 um fráveitur og skólþ sem og að gildi mega ekki falla um flokk miðað við fylgiskjal með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gildi á ammoníum og svifögnum samræmist ekki rg. 798/1999 og gildi á kopar og köfnunarefni falla um flokka miðað við rg. 796/1999.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 26. september sl. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist tímasett áætlun um úrbætur. Stofnunin áformar því að áminna rekstraraðila, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 18. október nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.


Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á frigg.thorlacius@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Skúli Þorðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands